

Niðurstaða úr umræðuhópum á samræðufundi SMÍ og SÍ 20.01.17

| |
|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| 1. spurning |
| Hvernig metið þið að til hafa tekist með nýtt námsmat 2016? |
| Eftir atvikum. Sumir skólar voru að spegla einkunnir þ.e. úr tölu- í bókstafi og speglunin var ekki alltaf eins. Reynt var að hafa samræmi á milli skóla í bæjarfélaginu. Vont að „skella“ þessu beint á 10. bekkinn. Hefði berið betra að byrja á 8.bekk og láta þetta „eldast“ út grunnskólann |
| Grunnskólinn telur vel hafa tekist til miðað við aðstæður. Farin var blönduð leið og soðin saman braut úr einhverju sem fólk vissi ekki hvað var. Framhaldsskólinn var meðvitaður að það komu færri athugasemdir frá foreldrum og kennurum en áður. Munurá milli skóla. Sumir voru ekki komnir alla leið að vinna þetta, einkum í minni skólum. Meira varpað beint á meðan aðrir höfðu skoðað þetta mikið, aðlaga og máta nemendur á réttan stað. Mikið búið að tala um að meðalhópurinn væri B það var ekki hjá þeim heldur C. Þurfti að fjölga nemendum á fyrsta þrepi. Gert til að tryggja að nemendur myndu fóta sig. Stundum var verið að gefa C en voru að meina B, vinnulag eða annað dró þau niður. Umræða um að ef menn eru fær um að takast á við annars stigs nám eiga þeir að fara þangað. C óþarflega oft notuð. Versló var helmingur nemenda með A í stærðfræði en það áttu ekki allir. Metið hver er með þetta og úr hvaða skóla. Úr sumum skólum komast fleiri nemendur en áður. Einhverjir stóðust kröfurnar en nokkrir hefðu átt að falla út. Vegna þess að þau eru yngri en 18 munu þau ljúka önn en ekki fara áfram. Sá hvaða skólar unnu vel og þeir nemendur stóðu undir |
| Tekist vel í flestum skólum. Skiptir máli að hafa umsagnir með. Grunnskólarnir komnir mislangt. Ekki samræmi í einkunnagjöf á milli skólastiga. |
| Virðist að mestu hafa tekist vel til. Þó vantar meira samræmi og réttari upplýsingar |
| Vantaði leiðbeiningar fyrir kennara. |
| |
| 2. spurning |
| Hvernig metið þið að samfellan í námsgreinum sé á milli efstu bekkjar grunnskóla og fyrstu áfanga í framhaldsskóla? |
| Of mikið val á kostnað bóklegra greina. Vandí að greina hvar 2.þrepið byrjar og hvar 1.þrepið endar. Ósamræmi í kerfinu þ.e. hvort (B) nemendur fara á 1. eða 2. þrep þegar komið er í framhaldsskóla. Misjafnt hvort skólar eru búnir að flytja (103) niður í grunnskóla eða ekki. Spurning hvort um flutning eða endurtekningu er að ræða. Samtal milli skólastiga er erfitt í framkvæmd, sérstaklega þar sem upptökusvæði framhaldsskóla er stórt (sbr. MH og BHS). Rætt um markmið, sérstaklega í Breytt bil hjá nemendum. Samfellan misjöfn milli faga. Samræðan mikilvæg. |
| þarf að vera gott samtal milli aðila til að forðast endurtekningu og göt í yfirferð |
| 3. spurning |
| Hver er afstaða þessa hóps til þess að nemendur 9-10 bekkja stundi fjarnám í áföngum |
| Borðið frekar fylgjandi því. Ef nemendur taka áfanga í frh.sk í vali í gr.sk. þá borga þau ekki skráningagjald en ef þau ákveða sjálf að taka fjarnám (ekki val í gr.sk) þá borga þau sjálf fyrir bæði nám og bækur. |
| Æskilegt að hægt sé að gera þetta gagnvart þeim sem hafa vilja og getu. Leið til að bjóða duglegum nemendum nám við hæfi. Verður að vera þannig að þeir hafi sinn kennara. Fjarnám eða staðnám. Sums staðar er metin danska og enska, en nám við versló er ekki metið í stærðfræði þó að þau hafi lokið áföngum hjá þeim. Gallinn er að þetta er ekki alltaf metið í skólum, þar sem eru áfangaskólar eru þau komir með þetta. Allir skólar eiga að taka mark á þessu. Í MR þarftu ekki að sitja tímana en ferð í prófið. Hægt að líta á þetta sem tímaeyðslu og nýta tímann frekar í annað í grunnskóla. Eða styrk þar sem þú þarft ekki að undirbúa þig eins í faginu. Loks geta þessir nemendur orðið leiðir að taka það sama. T.d. Að nemendur sem hafa tekið 20 einingar geta klárað á þremur árum. Veitir ekkert af því að gera eins mikið og hægt er. Í dag þarf nemandi að taka 33 einingar á önn. Það |
| Já, ef námið er í mannlegum kontakt (dreifnám) |

Grunnskólanum hefur þótt það jákvætt. En í sumum tilfellum á það ekki við þar sem nemendur hafa ekki náð ákveðnum þroska varðandi vinnubrögð. Í sumum tilfellum ættu nemendur að geta hafið framhaldsskólanám eftir 9. bekk. Verður að hafa í huga félagsþroska nemenda og hvað aðra þætti þeir eru að læra í skólanum. Mikið stökk á milli 2. og 3. þreps. Þurfa skólaskilin að vera eins hjá öllum? Skilin þurfa að vera fljótandi. Vera með skýr markmið í grunnskólunum um hvort og hvernig nemendur fái að taka áfanga í framhaldsskóla.

4. spurning

Ættu nemendur í grunnskóla eingöngu að fá að taka áfanga á framhaldsskólastigi séu þeir búnir að uppfylla hæfniviðmið grunnskólans? Ætti slíkt nám að fara fram með milligöngu grunnskólans eða ættu foreldrar einnig að geta innritað nemendur í áfanga á framhaldsskólastigi án aðkomu

Eiga þau að fá að fara í fjarnám í öllum greinum eða bara kjarnagreinum? Það er í höndum viðtökuskólans (framhaldsskólans sem kennir fjarnámið) að meta hvort þau eru „tilbúin“ Ekki allir skólar sem meta frá öllum skólum sbr. Versló vill láta krakka taka stöðupróf ef þau hafa lokið fjarnámi annars staðar.

Mikilvægt að skóli meti. Ef á að flýta nemenda er betra að nemandi taki 9 og 10 bekk saman. Nemandi er ekki búinn með í fögunum sem hann á að taka því matið tekur stöðu af námsárangri nem. Í 9. bekk. Stefna að ekki sé tekið við nemendum nema að skólinn samþykki það. Mikilvægt að hugsa þetta mjög vel. Hafa þarf í huga að munur er á þroska nemenda og það þarf að hafa í huga.

Grunnskólarnir þurfa að bera ábyrgð á því að nemendur hafi sannarlega lokið hæfniviðmiðum. Nemendur eru misjafnir og því erfitt að setja reglur. Nemendur geta byrjað í framhaldsskóla án þess að hafa lokið hæfniviðmiðunum en byrja þá á fyrsta þrepi.

Sveigjanleg skil þurfa að vera á milli grunn- og framhaldsskólans, en allt þarf það að vera á foprsendum grunns

Æskilegt að hafa mörkin ekki mjög skýr, leyfa flæði í áföngum í báðar áttir

Skiptar skoðanir. Ekkert sem segir að framhaldsskólinn megi ekki taka við þessum nemendum. Nemendur skráðir nánast undantekningalaust í framhaldsskóla með milligöngu grunnskólans. Þrepaskiptingin er ný að allir eru að læra hvað það þýðir.

5. spurning

Teljið þið að allir grunnskólar hafi sameiginlegan skilning á matsviðmiðum Aðalnámskrár? Hver

Nei sjá svar við 1. Spurningu. Enginn fylgist með því

Nei. Ekki er fylgst kerfisbundið með því. Hugsanlega MMS og svo framhaldsskólarnir sem fylgjast með utanfrá.

Ekki komið enn. Er að aukast með ummæðunni

Samræmi á milli skóla- og samræmdra einkunna. Gott fyrir grunnskólana að fá upplýsingar og að hnippt sé í þá skóla þar sem ósamræmið er mikið.

Nei, ekki ljóst hver fylgist með.

6. spurning

Hvert er hlutverk samræmdra prófa á unglíngastigi? Hvernig tengjast samræmdu prófin samræmdum vitnisburði grunnskólanna?

Samræmist það nýjum vitnisburði að hafa eitt samræmt próf. Er þörf fyrir samræmd próf, nefnt var að Finnar hafa engin samræmd próf í grunnskólum.

Þurfa að spegla valda grunnþætti: læsi, stæ, ens, dan, nát, lýðræðisvitund.

Skipta skoðanir um samræmd próf. Mikilvægt að kynna þessar ytri mælingar líka fyrir samfélaginu. Það þarf samtal á milli grunn- og framhaldsskóla sem og á milli sveitarfélaga

Hvers vegna eru ekki könnunarpróf óreglulega og í mismunandi greinum með stuttum fyrirvara.

| |
|--|
| |
| |

kólans.